

Ráðhús Hafnarfjarðar  
b.t. Haraldar L. Haraldssonar bæjarstjóra  
Strandgötu 6  
220 Hafnarfjörður..

Reykjavík 2. júní 2017.

**Efni:** Sérstakur húsnæðisstuðningur. Nýjar reglur Hafnarfjarðarkaupstaðar. Ábendingar frá ÖBÍ varðandi tekju- og eignamörk, skerðingar og ákvörðun fjárhæða sérstaks húsnæðisstuðnings.

Vísað er til nýrra reglna Hafnarfjarðarkaupstaðar um sérstakan húsnæðisstuðning sem tóku gildi 1. janúar 2017.

Lýst er yfir óánægju með að ekki var haft samráð við ÖBÍ við gerð reglnanna. Þá var ÖBÍ ekki gefinn kostur á að koma með athugasemdir eða ábendingar áður en reglurnar voru samþykktar.

ÖBÍ hefur nú farið yfir hinar nýju reglur og óskar eftir upplýsingum um ýmis atriði sem felast, eða virðast felast, í reglunum og koma með ábendingar / tillögur að breytingum varðandi tekju- og eignamörk, skerðingar, og ákvörðun fjárhæðar sérstaks húsnæðisstuðnings.

### **1. Tekjumörk og skerðingar.**

Bæði neðri og efri tekjumörkin eru of lág. Sérstakur húsnæðisstuðningur byrjar að skerðast við 258.333 kr. á mánuði og fellur niður við 322.917 kr. á mánuði. Hér verður að horfa til þess að óskertur lífeyrir almannatrygginga með heimilisuppbót er hærri en neðri tekjumörkin og þannig fær sá hópur ekki óskertan stuðning. Vart þarf þó að taka fram að óskertur lífeyrir almannatrygginga með heimilisuppbót er einungis um 50-60% af þeim tekjum sem einstaklingur þarf í raun að hafa til mannsæmandi framfærslu samkvæmt neysluviðmiðum stjórnvalda að viðbættum eðlilegum húsnæðiskostnaði.

Bæði neðri og efri tekjumörk samkvæmt 5. gr. reglna sveitarfélagsins kveða á um lægri fjárhæð en í leiðbeinandi reglum velferðarráðuneytisins. Þá eru mörkin ekki lengur til samræmis við mörk húsnæðisbóta eftir að þeim var breytt með reglugerð 5. apríl sl. Af því leiðir að hjá Hafnarfjarðarkaupstað byrja lægri tekjur að skerða bætur en leiðbeinandi reglur og reglur ráðuneytisins gera ráð fyrir. Þá falla bæturnar alveg niður við lægri tekjur og er skerðingarhlutfall tekna umfram neðri tekjumörk er um 50%. Til samanburðar er skerðingarhlutfall fyrir húsnæðisbætur 9%.

Þá er munurinn á neðri og efri tekjumörkum mjög lítill, t.d. fyrir einn í heimili aðeins rúmar 64 þúsund krónur á mánuði og mjög hátt skerðingarhlutfallið við tekjur umfram neðri tekjumörk eða um 50%. Leiðir þetta til þess að stuðningurinn fellur alveg niður við lágar mánaðartekjur án nokkurs frekari mats á aðstæðum. Þannig er ekkert litið til húsnæðisins sem einstaklingurinn leigir og þeirrar fjárhæðar sem viðkomandi þarf að greiða í leigu á mánuði.

Það er skerðing sem ÖBÍ telur að gangi gegn markmiðum sérstaks húsnæðisstuðnings. Þessi stuðningur er ætlaður að aðstoða þá allra verst settu sem ekki er færir um að sjá sér fyrir húsnæði eða eru með íþyngjandi húsnæðiskostnað. Nýju reglurnar stuðla því miður alls ekki að því að veita þessum hópi raunverulega aðstoð. Í flestum tilvikum leiða reglurnar þvert á móti til þess að húsnæðisstuðningur til þessa hóps skerðast miðað við það sem var í gildistíð eldri reglna, á sama tíma og leiguverð hækkar gríðarlega. Grciðslubyrði hækkar þannig bæði vegna hækkandi leiguverðs og skerts stuðnings.

Framangreint leiðir til þess að einstaklingar með óskertan örorkulífeyrir með heimilisuppbót frá Tryggingastofnun fá einungis 2.174 kr. hærri húsnæðisstuðning en í gamla kerfinu. Húsnæðisbætur hækka lítillega en sérstakur húsnæðisstuðningur lækkar þeim mun meira. Ef tekjurnar eru aðeins hærri, lækkar húsnæðisstuðningurinn hratt. Hafi einstaklingurinn t.d. uppbót til reksturs bifreiðar vegna hreyfihömlunar skerðir sú uppbót húsnæðisstuðninginn. Sama á við um aðrar uppbætur eins og til kaupa á lyfjum, hjálpartækjum o.fl.

Fjölmörg fleiri dæmi má nefna. Búi tveir lífeyrisþegar saman og báðir eru með óskertan lífeyri almannatrygginga (samanlagðar tekjur 455.766 kr. fyrir skatt en 393.220 kr. eftir skatt) þá fellur sérstakur húsnæðisstuðningur þeirra niður vegna tekna og heildarstuðningur vegna húsnæðis er rúmum 12.000 krónum lægri en verið hefur hingað til.

Er óskað eftir því að sveitarfélagið upplýsi hvernig viðmiðið var ákveðið, m.a. hvaða viðmið voru höfð til hliðsjónar við ákvörðun þess. Þá er óskað eftir að sveitarfélagið svari því hvort það hafi verið tilgangur reglnanna að fólk, sem lifir einungis af lífeyri almannatrygginga, skuli í mörgum tilvikum sæta skerðingu á sérstökum húsnæðisstuðningi.

Bent er á að í 5. gr. reglna sveitarfélagsins er ekki sambærilegt svigrúm og er í 8. gr. leiðbeiningarreglna ráðuneytisins. Í leiðbeiningarreglum ráðuneytisins er svigrúm til þess að veita undanþágu frá tekjumörkum vegna óvenju þungrar framfærslubyrðar eða við sérstakar aðstæður. Í 5. gr. reglna sveitarfélagsins er ekkert slíkt svigrúm. Af því tilefni er óskað eftir því að skýrt verði hvort sveitarfélagið líti svo á að tekjumörk 5. gr. séu fortakslaus eða hvort hægt sé að líta til heildarmats á aðstæðum hverju sinni. Ef viðmiðin eru fortakslaus er óskað eftir því að sveitarfélagið skýri hvernig það samræmist tilgangi og markmiði með stuðningnum.

### Tillaga til úrbóta:

Hafnarfjarðarkaupstaður noti ekki lægri viðmiðunarfjárhæðir vegna mats á áhrifum tekna en þær sem gefnar eru upp í 8. gr. leiðbeinandi reglna velferðarráðuneytisins.

### 2. Ákvörðun fjárhæðar sérstaks húsnæðisstuðnings

Alkunna er að húsnæðis- og leiguverð hefur hækkað gríðarlega síðastliðin ár og langt umfram neyslúvísitölu. Ef stuðningur við leigjendur ætti að ná markmiðum sínum yrði hann að hækka í samræmi við hækkun leiguverðs. Almennar og sérstakar húsaleigubætur hafa ekki hækkað í samræmi við vísitölu neyslúverðs á undanförunum árum og þaðan af síður í samræmi við hækkun leiguverðs.

Réttara væri þó að fjárhæðirnar hækkuðu miðað við hækkun húsaleigúverðs en þá er munurinn enn meiri og raunveruleg rýrnun húsnæðisstuðnings gríðarleg. Sem dæmi má nefna að bara á árinu 2016 var hækkun á vísitölu neyslúverð 1,9% á meðan vísitala leiguverðs á höfuðborgarsvæðinu hækkaði um 9,2% á sama tíma. Hækkunin er enn meiri á sumum svæðum og allt að 25% eftir tegund íbúða og svæðum. Húsaleigubætur héldu engann veginn í við þessa þróun enda stóðu fjárhæðir þeirra í stað í þrjú og hálf ár eða frá júlí 2013 þar til þær voru aflagðar.

Á síðustu tveimur árum hefur fasteignaverð í nokkrum hverfum höfuðborgarsvæðisins hækkað um 40% og spár gera ráð fyrir annarri 40% hækkun næstu tvö árin. Þessi hækkun hefur og mun halda áfram að endurspeglast í húsaleigúverði.

### 3. Ákvörðun tekna.

Allar skattskyldar tekjur teljast nú til tekna. Hér er um verulega breytingu að ræða enda hefur lífeyrir almannatrygginga hingað til ekki talist til tekna við útreikning húsaleigubóta og sérstakra húsaleigubóta. Afleiðingin er augljóslega sú að húsnæðisstuðningur mun skerðast verulega hjá þeim sem mest þurfa á honum að halda, þ.e. fólk sem treystir á lífeyri frá almannatryggingum sér til framfærslu

Við útreikning sérstaks húsnæðisstuðnings hafa allar skattskyldar tekjur áhrif. Af því leiðir að greiðslur TR til lífeyrisþega sem ætlað er að mæta kostnaði (s.s. uppbót á lífeyri vegna lyfjakaup eða kaupa á heyrnartæki<sup>1</sup>) og uppbót vegna reksturs bifreiðar, sem veitt er á grundvelli hreyfihömlunar, teljast til tekna við útreikning húsnæðisbóta og sérstaks húsnæðisstuðnings.

Dæmi: Örorkulífeyrisþegi með óskertan lífeyrir og 10.000 kr. uppbót á lífeyri vegna lyfjakaup (fyrir skatt) fær 3.089 kr. lækkun samanlagðs húsnæðisstuðnings vegna uppbótarinnar.

---

<sup>1</sup> Uppbætur á lífeyri skv. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 99/2007 um félagslega aðstoð

Í 8. gr. leiðbeinandi reglna velferðarráðuneytisins um sérstakan húsnæðisstuðning segir:

*„Við endurmat á umsóknum þeirra sem hafa verið með sérstakar húsaleigubætur þarf að meta sérstaklega áhrif þess að ákveðnar tekjur eru nú teknar með sem áður töldust ekki til tekna samkvæmt eldri lögum þannig að heildarhúsnæðisstuðningur þeirri lækki ekki frá því sem var.“*

Þá segir einnig að gert sé ráð fyrir að heildaráhrif þessara breytinga verði metin um mitt ár 2017. Augljóst má vera hver áhrifin verða á tekjulága einstaklinga en að öðru leyti er óljóst hvað ætlunin er að meta eftir hálfis árs tímabil. Er það virkilega svo að þeir sem fyrirsjáanlega lenda í skerðingunum þurfa að bíða fram eftir ári eftir mögulegum lagfæringum?

**Tillaga til úrbóta:**

Tryggingastofnun ríkisins sérmerkir greiðslutegundir til ríkisskattstjóra þannig að lífeyrissjóðir geti aðgreint þær frá öðrum greiðslum frá stofnuninni. Um er að ræða greiðslur á móti útlögðum kostnaði og vegna sérstakra aðstæðna. Lagt er til að Hafnarfjarðarkaupstaður og önnur sveitarfélög óski eftir ofangreindum upplýsingum frá ríkisskattstjóra og dragi greiðslurnar frá tekjum við útreikning sérstaks húsnæðisstuðnings. Framkvæmdin gæti legið hjá sveitarfélögunum eða Vinnumálastofnun.

#### **4. Eignaviðmið**

Af svipuðum meiði og tekjumörk er eignaviðmið í 6. tölul. 3. gr. reglnanna. Orðalag reglnanna er ekki ljóst og því er óskað eftir upplýsingum um það hvort miðað er við „nettó“ eignir (hrein eign þegar skuldir hafa verið dregnar frá) eða „brúttó“ eignir (eignir án tillits til skulda). Þá er óskað eftir upplýsingum um það hvernig ætlunin er að meta eignir annarra fjölskyldumeðlima við ákvörðun um stuðninginn.

**Ekkert um okkur án okkar!**

Með vinsemd og virðingu,



---

Ellen Calmon  
formaður ÖBÍ

**Samrit:**

Fjölskylduráð Hafnarfjarðarkaupstaðar: Guðlaug Krisjánsdóttir formaður

**Afrit:**

Velferðarráðuneytið – réttindavaktin.